



D Ó M U R

20. desember 2013

Mál nr. S-40/2013:

Ákærandi: Ríkissaksóknari

(Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir settur saksóknari)

Ákærði: A

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

Dómari: Hildur Briem héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands föstudaginn 20. desember 2013 í máli nr. S-40/2013:

Ákærvaldið

(Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir settur saksóknari)

gegn

A

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember 2013, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 19. júní 2013, á hendur A, [kt.], [...] „fyrir kynferðisbrot, með því að hafa miðvikudaginn 31. október 2012, og um nokkurt skeið fram til þess dags, á heimili sínu að [...], haft í vörslum sínum á Hardoox utanálíggjandi hörðum diskum 11 hreyfimyndir, sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, en tölvubúnaðurinn með myndefninu fannst í læstum peningaskáp við húsleit á heimili hans og var haldlagður þann sama dag.“

Í ákæruskjali er háttsemi ákærða talin varða við 1. mgr. 210. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 58/2012. Er þess þar krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Jafnframt er í ákæruskjali krafist upptöku samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga á framangreindu myndefni og á Hardoox utanálíggjandi hörðum diskum. Við aðalmeðferð málsins leiðrétti sækjandi framangreinda lagatilvísun og vísaði til 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a. sömu laga. Þá er einnig krafist upptöku á 10 ml af Nandrolon stungulyfi og 10 ml af Sustanon stungulyfi, sem fundust við sömu húsleit og haldlögð voru af lögreglu, með vísan til 3. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af refsikröfu ákærvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Upptökukröfum ákærvaldsins er ekki mótmælt.

Þá krefst skipaður verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna.

I

Samkvæmt því sem greinir í skýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27. febrúar 2013, fór þann 31. október 2012 fram húsleit á heimili ákærða að [...]. Hafi við leitina verið lagt hald á ýmsan tölvubúnað, m.a. utanáliggjandi harðan disk af gerðinni Hardoox, sem fundist hafi í læstum peningaskáp í svefnherbergi. Þar hafi einnig fundis tvö glös af stungulyfjum, ætluðum sterum.

Tílefni húsleitarinnar, sem fram fór með heimild og samþykki ákærða, mun hafa verið rannsókn lögreglu á hendur honum vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni. Upplýst er að rannsókn þess sakarefnis leiddi ekki til ákæru.

Samkvæmt skýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um „myndskoðun“, dags. 26. febrúar 2013, voru teknir til rannsóknar haldlagðir munir, þ.e. turntölva, tvær fartölvur, 28 geisladiskar og þrjú utanáliggjandi harðir diskar, þar á meðal sá 500 GB diskur af gerðinni Hardoox sem fyrr var nefndur. Hafi tölvurannsókn- og rafeindadeild embættisins séð um að afrita eða „spegla“ tölvubúnaðinn og munirnir verið rannsakaðir með „Encase rannsóknartólinu“. Á Hardoox disknum hafi fundist „gríðarlega mikið magn af klámefni, þar með talið klám sem sakborningur virðist hafa framleitt sjálfur af sér og konum“. Í möppu á disknum sem beri heitið „Young“ hafi fundist myndskeið sem sýni ungar stúlkur og hafi 11 af þessum myndskeiðum sýnt börn undir 18 ára aldri í kynferðislegum athöfnum. Er efni hvers og eins þessarra 11 myndskeiða nánar lýst, sem og heiti þeirra og tímalengd, auk þess sem myndskeiðin sjálf eru meðal málgagna.

Með skýrslunni fylgir tveggja blaðsíðna skjal með tæknilegum upplýsingum um myndskeiðin 11, þ.e. heiti skrána, dag- og tímasetningar þegar skrá hafi verið „búin til“, „síðast breytt“ og „síðast opnuð“, og loks slóð á skrá. Sést af slóðunum að mappan „Young“ er vistuð í rót disksins (C:\Young\skráarheiti). Er heiti sumra skrána lýsandi fyrir innihald þeirra. Kemur þar fram að engri þessara skráa hafi verið eytt. Tímasetningar á liðunum skrá „búin til“ og „síðast opnuð“ er nákvæmlega sú sama fyrir hverja og eina skrá og taka þær til ríflega 6 mínútna tímabils 28. ágúst 2011, frá kl. 11:04:27 til kl. 11:10:43. Tímasetningar undir liðnum „síðast breytt“ eru hins vegar mismunandi eftir skráum og eru dagsettar á tímabili frá 13. mars 2009 til 17. janúar 2011.

Í skýrslunni kemur ennfremur fram að á tveimur geisladiskanna hafi fundist svokölluð „naturistamyndskeið“, sem sýni nakið fólk á öllum aldri, allt frá ungabörnum upp í fullorðið fólk, en enga kynferðislega misnotkun. Annað efni sem talist geti ólöglegt hafi ekki fundist við skoðun framangreindra muna.

Samkvæmt skýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 29. nóvember 2012, var ennfremur tekin til rannsóknar ein myndavél, einn geisladiskur, einn USB minnislykill og tvö minniskort sem hald var lagt á við húsleitina, en fram kemur að þar hafi heldur ekkert ólöglegt fundist.

II

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann eiga umræddan utanáliggjandi harðan disk af gerðinni Hardoox, svokallaðan „flakkara“, sem myndskaiðin 11 fundust á. Diskinn megi tengja tölvum til að auka minnisrými þeirra, en ekki sé hægt að spila efni beint af honum. Diskurinn hafi innihaldið viðkvæmt og persónulegt myndefni, þar á meðal klámefni. Af þeim sökum hafi hann verið geymdur á öruggum stað, í læstum peningskáp, þar sem hann fannst. Diskurinn hafi legið þar lengi og kvaðst ákærði telja að hann hafi ekkert verið notaður „síðasta árið, 2012“. Kvaðst ákærði almennt hafa hlaðið efni beint niður á diskinn, sem sé með töluvert minnisrými, 500 GB. Hann hafi ekki náð að kynna sér allt það efni sem hann hafi hlaðið niður.

Ákærði kvaðst ekki draga í efa að myndskaiðin 11 sýni börn undir 18 ára aldri á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Honum hafi ekki rennt í grun að slíkt efni leyndist á disknum og kvaðst fyrst hafa séð myndskaiðin er hluti þeirra var kynntur honum við yfirheyrslu hjá lögreglu. Neitaði hann því að hafa vísitandi sótt sér þessi myndskaið og kvaðst helst gruna að þau hafi borist á diskinn með öðru efni sem hann hafi hlaðið niður af vefsíðunni „pirate bay“, þangað sem hann hafi sótt sér mikið magn af ýmiss konar myndefni. Hann hafi staðið í þeirri trú að öruggt væri að nota vefsíðuna og að efni af því tagi sem hér um ræðir væri ekki leyft þar. Ekki sé hægt að „streyma“ á vefsíðunni heldur þurfi að hlaða niður efni til að geta skoðað það. Kvaðst hann hvorki kannast við að hafa áður séð skráarheiti myndskaiðanna né möppuna „Young“ og ekki hafa búið þá möppu til. Kvaðst ákærði álíta að mappan hljóti að hafa orðið til sjálfkrafa um leið og efni hennar hafi verið hlaðið niður. Lýsti ákærði reynslu sinni af niðurhali efnis af vefsíðum og kvað það reynslu sína að við niðurhal verði sjálfkrafa til möppur sem efninu sé hlaðið niður í. Heiti þeirra þurfi ekki endilega að samsvara heiti þess efnis sem þær innihaldi. Þá geti möppurnar innihaldið margar skrár með mismunandi skráarheitum og skráarheitin sjáist ekki alltaf fyrir niðurhal. Skrárnar opnast ekki sjálfkrafa eftir að niðurhali sé lokið.

Ákærði gaf tvívegis skýrslu hjá lögreglu, 31. október og 19. desember 2012, og liggja fyrir endurrit þeirra skýrslna, auk upptöku í hljóði og mynd af framburði hans við síðarnefnda skýrslutöku. Var honum í báðum tilvikum kynnt við upphaf skýrslutöku að hann væri grunaður um að hafa brotið kynferðislega gegn tilteknu barni. Var það fyrst við síðari skýrslutökuna sem ákærði var spurður út í það sakarefni sem hér er til umfjöllunar, án þess að honum væri kynnt það sakarefni sérstaklega við upphaf hennar. Bar ákærði þar, eftir að honum hafði verið kynntur hluti þeirra myndskaiða sem um ræðir, að þau hlytu að vera komin inn á diskinn fyrir mistök þegar hann hafi verið að hlaða niður efni af „torrent“ vefsíðu. Ítrekaði ákærði að hann hafi ekki verið að sækjast eftir slíku efni og ekki skoðað allt það myndefni sem hann hafi hlaðið niður „neitt gaumgæfilega“. Er borið var á hann að búið væri að flokka umrætt myndefni í sérstaka möppu með heitinu „Young“, var á framburði ákærða að skilja að hann giskaði á að hafa „hlaupið yfir þetta“ og séð að þetta væri „of ungt“. Margítrekaði ákærði að hann hefði ekki skoðað efnið.

Fyrir dómi var framangreindur framburður ákærða hjá lögreglu borinn undir hann. Gaf ákærði þá skýringu að framburður hans hjá lögreglu hafi litast af misskilningi, en hann hafi við yfirheyrsluna staðið í þeirri trú að verið væri að spyrja hann út í svokallað „naturistaefni“, sem hann vissi að hann ætti í fórum sínum, sem sýni bæði börn og fullorðna í nektarnýlendu. Hafi hann ekki vitað til þess að hann ætti annað efni sem mögulega gæti talist barnaklám. Tók ákærði fram að á meðan á yfirheyrslunni stóð hafi diskur með þessu „naturistaefni“ legið á skrifborði lögreglumannsins. Þá kvaðst ákærði ekki hafa „kveikt neitt“ á möppuheitinu „Young“ sem undir hann var borið og alls ekki verið undir það búinn að svara spurningum um uppsetningu skráa á tölvubúnaði sínum, enda mætt til skýrslutökunar í þeirri trú að yfirheyra ætti hann um það sakarefni sem honum hafði verið kynnt við upphaf skýrslutökunnar og við fyrri skýrslutöku.

B lögreglumaður staðfesti fyrir dómi skýrslugerð sína í málinu og lýsti stuttlega aðkomu sinni að húsleit á heimili ákærða. Staðfesti hann m.a. að hluti haldlagðra muna hafi fundist í læstum peningaskáp, þar á meðal umræddur harður diskur og glerglös með stungulyfjum.

C, rannsóknarlögreglumaður í ofbeldis- og kynferðisbrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti fyrir dómi skýrslu sína um „myndskeiðun“, dags. 26. febrúar 2013, og gerði nánari grein fyrir athugun sinni á innihaldi haldlagðra tölvugagna, meðal annars á Hardoox utanálggjandi hörðum diskum. Vitnið staðfesti að á disknum hafi fundist gríðarlega mikið magn af „venjulegu“ klámefni, auk þeirra 11 myndskeiða sem fundist hafi í möppunni „Young“. Efni disksins hafi verið á nokkuð mörgum skráum en aðspurt kvaðst vitnið ekki muna hve margar möppurnar hafi verið sem mappan „Young“ hafi verið innan um. Möppurnar hafi raðast í stafrófsröð, þannig að sú mappa hafi verið neðarlega. Staðfesti vitnið einnig að fleiri skrár hafi verið í möppunni „Young“ en umræddar 11 skrár.

Fram kom að greining vitnisins á aldri þeirra sem fram komi á myndskeiðunum byggji á þekkingu og reynslu sem vitnið hafi öðlast á námskeiðum hjá Europol og Interpol, sem og á upplýsingum úr skráarheitum myndskeiðanna. Kvað vitnið engan vafa leika á um það í sínum huga að myndskeiðin 11 sýni börn undir 18 ára aldri á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Aðspurt kvaðst vitnið minnast „naturista“-myndskeiða á geisladiskum, en ekki þess að mappan „Young“ hafi innihaldið slík myndskeið. Engin vandkvæði hafi verið við það að opna og skoða efni myndskeiðanna sem ákæran tekur til.

Vitnið skýrði nánar upplýsingar sem fram koma í fylgiskjali með skýrslu þess um tæknileg atriði varðandi hverja og eina af skránum 11. Borið var undir vitnið að við hverja skrá kæmi fram að nákvæmlega sömu dag- og tímasetningar væru á liðunum „skrá búin til“ og „skrá síðast opnuð“. Kvaðst vitnið telja þessar dag- og tímasetningar gefa til kynna hvenær skrárnar hafi verið annað hvort afritaðar á þennan tiltekna disk eða þeim hlaðið niður á hann af vefsíðu, en kvaðst þó ekki geta fullyrt um það. Þá var borið undir vitnið að liðurinn „Skrá síðast breytt“ sýndi eldri dag- og tímasetningar en fyrrnefndu liðirnir. Vitnið kvað þennan lið sýna að átt hafi verið við skrárnar með einhverjum hætti á þeim tíma sem þar greindi og það gæti þýtt ýmislegt, t.d. nafnbreytingu skrár, afritun hennar eða niðurhal. Aðspurt af verjanda kvað vitnið mögulegt að skránum hafi verið breytt

áður en þeim hafi verið hlaðið niður á umræddan Hardoox disk en þær gætu líka hafa verið fluttar á diskinn á því tímamarki sem þar greindi. Kvaðst vitnið ekki getað svarað nánari spurningum um tæknileg málefni varðandi afritun tölvugagna, enda hefði hann ekki sérþekkingu á því sviði. Þá kvaðst vitnið ekki þekkja til þess hvort efni af þessu tagi geti slæðst aukalega með öðru efni við niðurhal af svokölluðum „torrent“ síðum, t.d. vefsíðunni „pirate bay“, og kvaðst ekki geta útilokað það.

III

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot, með því að hafa haft í vörslum sínum á Hardoox utanálíggjandi hörðum disk 11 hreyfimyndir, sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, eins og nánar greinir í ákæru og er brot hans talið varða við 1. mgr. 210. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 58/2012.

Ákærði ber því ekki við að aðrir en hann sjálfur hafi haft aðgang að umræddum diskum og vistað myndskleiðin þar. Vörn ákærða byggir hins vegar á því að þessi myndskleið hljóti að hafa fyrir mistök slæðst þar inn með öðru myndefni sem hann hafi hlaðið niður af „torrent“ vefsíðum, t.d. vefsíðunni „pirate bay“, án þess að hann hafi orðið þess var, þá eða síðar, en diskurinn hafi lítið eða ekkert verið notaður í seinni tíð og líklega ekki verið ræstur síðasta árið áður en hann var haldlagður. Því skorti á að saknæmisskilyrði séu uppfyllt til að refska megum honum fyrir brot gegn nefndu ákvæði almennra hegningarlaga, en ekki standi heimild samkvæmt því ákvæði til að refska fyrir gáleysisbrot, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga.

Þótt framburður ákærða hjá lögreglu hafi ekki að öllu leyti verið svo skýr sem skildi, verður ekki séð að hann hafi þar játað á sig þær sakir sem honum eru gefnar í málinu. Þykir framburður hans fyrir dómi ekki svo breyttur í þeim atriðum sem máli skipta og skýringar hans á þeim breytingum ekki svo ófullnægjandi eða ósennilegar að þeim verði vísað á bug. Þvert á móti verður ekki annað séð en að ákærði hafi fyrir dómi leitast eftir fremsta megni að svara spurningum ákæruvaldsins, m.a. um tæknileg málefni, og gefa skýringar á sakarneitun sinni. Verður framburður ákærða fyrir dómi hvorki metinn ótrúverðugur né óstöðugur.

Óumdeilt er og sannað að myndskleiðin sem ákæran tekur til sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Jafnframt er óumdeilt og sannað að myndskleiðin fundust á hörðum diskum sem geymdur var í læstum peningaskáp á heimili ákærða og voru þau þannig hlutlægt séð í vörslum hans.

Þegar litið er til þeirra sönnunargagna sem ákæruvaldið hefur fært fram í málinu og sérstaklega til þess að einungis er um 11 myndskleið að ræða, sem vistuð voru í einni og sömu möppunni, innan um „gríðarlega mikið magn“ annars efnis á disknum, þykir með vísan til alls framanritaðs og gegn eindreginni sakarneitun ákærða, ekki hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, að saknæmisskilyrði 1. mgr. 210. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. 18. gr. sömu laga, séu uppfyllt. Af því leiðir að sýkna ber ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins.

Ákærði hefur ekki mótmælt upptökukröfum ákærvaldsins. Í ljósi þess að umræddur utanáliggjandi harður diskur af gerðinni Hardoox inniheldur myndefni sem hlutlægt séð brýtur ótvírætt í bága við nefnt ákvæði almennra hegningarlaga þykja skilyrði uppfyllt til þess að taka megi til greina kröfu ákærvaldsins um upptöku hans, sbr. 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a. sömu laga. Ekki þykir þörf á að kveða jafnframt sérstaklega á um upptöku framangreinds myndefnis sem á disknum fannst. Þá verður, með vísan til 3. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, fallist á kröfu ákærvalds um upptöku á 10 ml af Nandrolon stungulyfi og 10 ml af Sustanon stungulyfi.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins um refsipátt þess skal allur sakarkostnaður greiðast úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., þykja hæfilega ákveðin 376.500 krónur. Taka þau mið af störfum verjandans á rannsóknarstigi málsins og fyrir dómi og hefur jafnframt verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Auk þess ber verjandanum greiðsla vegna flugfars og kostnaðar af mætingu annars lögmanns fyrir dómi, samtals 58.139 krónur. Þá bera gögn málsins með sér að ákærði hafi við upphaf rannsóknar málsins notið aðstoðar tilnefnds verjanda, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., sem ekki verður séð að hann hafi fengið greitt fyrir og þykir þóknun hans vegna þeirra starfa hæfilega ákveðin 25.100 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómur þessi er kveðinn upp af Hildi Briem héraðsdómara í dómsal Héraðsdóms Austurlands að Lyngási 15, Egilsstöðum, klukkan 11:30 föstudaginn 20. desember 2013. Við dómsuppsögu var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, en dómsuppsaga dróst lítilega framyfir lögbundinn frest vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, A, er sýkn af ákæru í máli þessu.

Ákærði sæti upptöku á utanáliggjandi hörðum diskum af gerðinni Hardoox, 10 ml af Nandrolon stungulyfi og 10 ml af Sustanon stungulyfi, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 376.500 krónur og kostnaður verjandans, 58.139 krónur. Einnig er þar meðtalin þóknun Brynjólfs Eyvindssonar hdl., tilnefnds verjanda ákærða við upphaf rannsóknar málsins, 25.100 krónur.

Hildur Briem